



10. stjórnarfundur Ungmennafélags Íslands haldinn 12. júní 2020 í Þjónustumiðstöð UMFÍ

Mætt eru: Haukur Valtýsson (HV), Ragnheiður Högnadóttir (RH), Sigurður Óskar Jónsson (SÓJ), Guðmundur Sigurbergsson (GS), Jóhann Steinar Ingimundarson (JSI), Gunnar Gunnarsson (GG), Gissur Jónsson (GJ), Elísabet Ásdís Kristjánsdóttir (EÁK) á fjarfundi, Auður Inga Þorsteinsdóttir (Alþ) framkvæmdastjóri UMFÍ og Ástþór Jón Ragnheiðarson (ÁJR) fulltrúi Ungmennaráðs.

Forföll boðuðu: Gunnar Þór Gestsson (GÞG), Lárus B. Lárusson (LBL) og Hallbera Eiríksdóttir (HE).

1. Fundur settur kl. 16:21.
2. Fjármál. Yfirferð skýrslu endurskoðenda, yfirferð ársreiknings 2019.
Sigrún Guðmundsdóttir frá BDO ehf. fór yfir ársreikninginn, skýringar, sundurliðanir og endurskoðunarskýrslu. Ársreikningur 2019 samþykktur og undirritaður.
3. Frá Íslenskri Getspá.
JSI, fulltrúi UMFÍ í stjórn Íslenskrar Getspár, sagði frá síðasta stjórnarfundum.

JSI vék af fundi kl. 17:45.
4. Erindi frá Ungmennaráði UMFÍ.
ÁJR fylgdi erindinu eftir. Stjórn tekur vel í erindið. Samþykkt að halda sameiginlegan fund stjórnar og ungmennaráðs í haust. Samþykkt að áheyrnarfulltrúi ungmennaráðs á stjórnarfundum geti verið hver sem er úr ungmennaráði.
5. Upplýsingagjöf frá framkvæmdastjóra.
Alþ gerði grein fyrir starfseminni frá síðasta stjórnarfundum.
6. Fundargerðir framkvæmdastjórnar og nefnda lagðar fram til kynningar.
 - 5. fundargerð Ungmennaráðs.
 - 14. fundargerð framkvæmdastjórnar.
7. Fjármál, framhald.
 - 4. og 5. mánaða uppgjör 2020 og samanburður við fjárhagsáætlun lögð fram til kynningar.
8. Mótahald og viðburðir.
 - Unglingalandsmót á Selfossi - Þegar hefur verið ákveðið, í samráði við Almannavarnir, að halda áfram með undirbúning mótisins.
 - Hreyfivika UMFÍ var haldin 25.-31. maí s.l. Verkefnastjóri benti á að óljóst er með framtíð verkefnisins. Framtíðarnefnd, móta- og viðburðarnefnd og ungmennaráði UMFÍ falið að koma með hugmyndir að framtíðarsýn í þessum málum.
 - Framkvæmdastjóra falið að klára viðauka við samninga vegna Landsmóts UMFÍ 50+ og Íþróttaveislu í Kópavogi.

9. Ungmennabúðir – staða mála og rekstur.
Alþ gerði grein fyrir stöðu mála.

10. Fundahald stjórnar og nefnda í sumar, ásamt annarri starfsemi UMFÍ.
Næsti stjórnarfundur er áætlaður 1. ágúst á Selfossi.
Rætt um fyrirkomulag stjórnarfunda og mögulega hagnýtingu fjarfundarbúnaðar.
Framkvæmdastjórn falið að vinna áfram í málinu.

SÓJ ritaði fundargerð.
Fundi slitið kl. 20:02.